

Athugasemdir við Lýsingu Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Inngangur

Skjöl sem vísað er til:

- 1) Landsskipulagsstefna 2015-2026/ Lýsing, Skipulagsstofnun feb. 2014.
- 2) Um skipulag haf- og strandsvæða, Skipulagsstofnun feb. 2014.

Kayakklúbburinn tekur undir mikilvægi þess sem segir í tl. 2.1.1. í skjali 2): - að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og vernd og viðhaldi vistkerfa ásamt því að draga úr árekstum ólíkrar (atvinnu)starfsemi á haf- og strandsvæðum...".

Athugasemdir þessar eru sendar í samræmi við auglýstan frest frá Skipulagsstofnun og eru teknar saman í umboði Kayakklúbbsins. Leitast er við að kynna viðhorf þeirra sem stunda róður við ströndina en bréfið er þó ekki endanlegt álit frá stjórn klúbbsins, enda er umræðan að hefjast um þetta mál. Undirritaður kynntist ströndum landsins náði við róður umhverfis landið árið 2009, sat kynningarfund í lönó 25.feb. s.l. og tekur þátt í samráðsvettvangi um skipulagsstefnuna.

Ósk um frekara samráð

Kayakklúbburinn óskar eftir frekara samráði um skipulag og notkun strandsvæða landins, einkum við faghóp Skipulagsstofnunar um haf- og strandsvæði, eða aðra sem vinna að skipulaginu og stofnunin telur henta.

Róður á sjókajak við strendur og þéttbýli

Kayakklúbburinn er aðili að Siglingasambandinu og tengist þannig víðari hagsmunum bæði á sviði íþróttar og útivistar. Sérstakir hagsmunir sjókajakfólks eru í stuttu máli eftirfarandi:

Þéttbýli: Þessi þáttur fellur vel undir *aðalskipulag sveitarfélaga*. Það þarf geymslu- og búningsaðstöðu, aðstöðu til að skola búnað og hlýja kaffikompu a.m.k. Allt þetta þarf helst að vera þar sem gott er að sjósetja, helst við náttúrlulega fjöru eða a.m.k. sandfjöru og með náttúrulegu skjóli frá haföldunni og stutt að krefjandi svæði fyrir lengra komna. Sjór þarf að vera hreinn og fjaran ómenguð. Ekki er heppilegt að staðurinn sé þar sem mikil umferð vélknúinna sæfara er fyrir utan. Slík aðstaða getur einnig nýst fyrir æskulýðsstarf íþróttafélaga eða sveitarfélags sem og fyrir ferðatengdar kajakferðir, námskeið og þjálfun til að auka öryggi almenns áhugamanns o.fl. Á Reykjavíkursvæðinu er reyndar lítið eftir af náttúrulegum fjörum. Hugsanleg gerð Sundabrautar gæti haft veruleg áhrif á núverandi aðstöðu Kayakklúbbsins á Eiðinu út í Geldinganes, þaðan sem róður er mest iðkaður á sundunum.

Ferðalög: Þessi þáttur fellur best að því að vera með í *heilðaráætlunum stjórnvalda um ferðamál og útivist almennings*. Ferðir með innlenda eða erlenda ferðamenn eru oftast skipulagðar af ferðapjónustunni og fyrir kemur að áhugamenn fara saman í stórum hópi. Fyrir margar daga ferðir með gistingu er yfirleitt gist í tjöldum við ströndina eða í eyjum enda ekki aðgengileg gisti- og veitingapjónusta á svæðum sem ræðarar sækja í. Slíka hópgingingu þarf eðlilega að semja um við landeiganda eða viðkomand sveitarfélag. Verið getur að semja þurfi um aðföng, vatn og salerni, fá heimild fyrir varðeld, taka mið af varpi o.fl. Minni hópar, allt frá einum ræðara og t.d. 4-5 félagar eða fjölskylda, sækjast mest eftir frjálstri útivist, þar sem nægir að virða almennar reglur um útivist og umgengni við náttúruna. Eigi að síður gæti verið gott fyrir alla aðila að kortleggja ströndina með þetta í huga. Þá væri ljóst hvað aðgengi væri bannað og hvenær, hvar hægt er að nálgast vatn, hvar mælt er með að farið sé í land til gistingar o.fl.

Róður á straumvötnum

Hagsmunir þeirra sem róa á straumvötnum geta verið aðstaða til kennslu og þjálfunar í þéttbýli, svo sem í Elliðaárdalnum í Reykjavík en felast síðan fyrst og fremst í opnu aðgengi að ám, sem henta til róðra. Víða kann að þurfa að semja við landeigendur um umferðar yfir land þeirra og á öðrum stöðum er ekki þess virði að róa vegna árekstra við laxveiðifólk, sem telur sig hafa greitt fyrir að vera ein og ótrufluð við veiðar. Æskilegt væri að koma á samþættingu með samkomulagi um hentugar leiðir og tíma til róðra. Annað sem straumræðarar óttast, er að missa jökulsárnar í Skagafirði vegna virkjana, en við treystum því að ferðaþjónustan sem rekur flúðasiglingar láti það mál til sín taka.

Almennar athugasemdir við skjölin

Skjal 2) fjallar einkum um stjórn tækin, aðferðafræði við stjórnun haf- og strandsvæða og valdmörk stjórnsýslu er því tengjast. Ekki hefur verið fjallað um einstaka hagsmunabætti og er því vonandi mikil vinna og samráð framundan.

Í t.l. 6.1.1. í skjali 2) eru talin nokkur dæmi um nýtingu standsvæða. Benda má á fleiri dæmi svo sem auðlindir fólgnar í þara og þörungum í Breiðafirði og víðar, notkun á Löngufjörum fyrir hestaferðir og mikilvægi strandar fyrir hvers kyns sjósport (siglingar, köfun, róður, brimbretti, seglbretti, vélasport á sjó, sjósund, sportveiði o.fl.) og útivist. Ekki er getið um æðarrækt sérstaklega, en hún hefur notið slíks forgangs að öll önnur umferð hefur nánast verið bönnuð á stórum svæðum og æðarfuglinn er orðinn ríkjandi fuglategund og er æðarrækt þó alls góðs makleg. Meta þarf í hvaða tilvikum rétt er að setja slíka málaflokka/áætlanir undir landsskipulag fremur en svæðaskipulag.

Í Skjali 1) í töflu um málaflokka er getið um útivist og aðgengi auk ferðaþjónustu og meðal helstu áætlana eru *náttúruverndaráætlun* og *ferðamálaáætlun*. Gott væri að hafa sérstaka áætlun um útivist almennings, svo mikilvæg sem útivera og aðgengi að náttúrunni er fyrir lífsgæði og sjálfsmynd þeirra er landið byggja og fyrir gesti þeirra. Umræða og skoðanaskipti undanfarna áratugi hafa einkum beinst að hálendi landsins en lítt að útivist við ströndina. Strendur landsins eru víða ósnortin heillandi náttúra þrátt fyrir slæma umgengni í heila öld, fuglabjörg, svartar og hvítar strendur, ótal sker og eyjar, full af lífi og flatarmál þessa svæðis er trúlega meira en stærð hálendisins.

Útivist má flokka í *frjálsa* og *skipulagða* útivist. Skipulögð útivist er oftast á forræði aðila sem selja ferðir með leiðsögumönnum, en getur einnig verið á vegum frjálsra félagasamtaka eða áhugamanna. Slík útivist lýtur þekktum reglum sem settar hafa verið og eru sumar enn í mótun. Frjáls útivist er það sem eldri kynslóðin þekkir best af stílnum "*mér þótti alltaf best að fara beint af augum*" eins og Tómas kvað í "Fjallgöngu". Það eru þó mörg rök sem hníga til þess að setja a.m.k. viðmiðunarreglur fyrir frjálsa útivist og gæti heiðursmannasamkomulag um að fara eftir þeim og jafnvel skráning ferða verið aðgöngumiði að vissum svæðum, svo sem viðkomu í eyjum þar sem enginn er til að fylgjast með umgengni.

Augljóst má vera að ein tegund notkunar getur eyðilaggt aðra möguleika. Þannig hafa óhóflega miklar landfyllingar og stór hafnarsvæði við strönd þurrkað út náttúrulega fjöru og lífríki á Reykjavíkursvæði. Fjöruferðir með börnin, eða sjósetning á kajak og margt annað er ekki lengur í boði þar. Við höfum róði gegnum olíubrák, úrgang frá svínabúum og matarleifar í þéttbýli en einnig notið samfélags sela, hvala og bjargfugla og horft niður í heillandi botn á tærum sjón. Mengun og slæm umgengni geta eyðilaggt flesta hagsmuni sem skipulagið nær yfir sem og önnur ómæld verðmæti.

Reykjavík, 11.mars 2014,
Gísli H. Friðgeirsson,
gsm 8220536 gislih@simnet.is